

## Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Frá því að ákveðið var að fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, yrði dagur íslenskrar tungu ár hvert hefur menntamálaráðuneytið árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls. Hefur þessi dagur verið helgaður rækt við það í góðu samstarfi við skóla, stofnanir, fyrirtæki, félagsamtök og einstaklinga enda virðist dagur íslenskrar tungu hafa náð góðri fótfestu í samfélaginu. Hér með er hvatt til þess að landsmenn hugi nú, eins og undanfarin ár, að því að nota 16. nóvember eða dagana þar í kring til að setja íslenskuna í öndvegi. Hægt er að minnst dagsins með margvíslegu móti, t.d. upplestri, ritunarsamkeppni, verðlaunum og viðurkenningum, handritasýningum, samkomum af ýmsum toga og tónlistarflutningi svo að fátt eitt sé nefnt.

**Dæmi um viðburði undanfarin ár:**

**Leikskólar:** Samverustund á sal í tilefni dagsins; unnið sérstaklega með íslenskt mál eina viku; rætt um skáldið Jónas Hallgrímsson; börnunum kenndar vísur og söngvar og samin leikrit út frá ljóðum eða sögum Jónasar; haldinn sérstakur bókadagur; nemendur úr grunnskóla koma í heimsókn og lesa fyrir leikskólabörnin.

**Grunnskólar:** Stóra upplestrarkeppnin hefst formlega á degi íslenskrar tungu; eldri börnin koma í bekki yngri barna og lesa upp sögur og ljóð; verðlaunahafar úr upplestrarkeppni síðasta árs

lesa upp; ljóða- og smásagnakeppni; ljóð Jónasar Hallgrímssonar kynnt; íslenskir málshættir sérstaklega athugaðir.

Framhaldsskólar: Rithöfundar koma í heimsókn og lesa upp; ljóðaupplestur; sérstök verkefni í áföngum í íslensku; kórsöngur.

**Bókasöfn:** Upplestur úr bókum; handritasýningar; bókakynningar.

**Háskólar og Íslensk málnefnd:** Fundir og samkomur. Þess má geta að á degi íslenskrar tungu í ár munu Íslensk málnefnd og menntamálaráðherra kynna drög að íslenskri málstefnu sem hlotið hefur heitið Íslenska til alls. Íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli gefið gaum að degi íslenskrar tungu í kynningarstarfi og öðrum þáttum.



Á [heimasíðu dags íslenskrar tungu](#) er er m.a. hugmyndabanki kennara og upplýsingar um Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sem menntamálaráðherra afhendir árlega 16. nóvember.

Menntamálaráðuneyti hefur falið [Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum](#) að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2008. Lesendum vefritsins er velkomið að hafa samband, annaðhvort í tölvupósti, [agustath@hi.is](mailto:agustath@hi.is), eða í s. 552 8530 ef spurningar vakna og einnig væri gagnlegt að heyra frá sem flestum um það sem stendur til að

## Úttekt á Olweusaráætluninni í íslenskum grunnskólum

[Olweusaráætlunin gegn einelti í grunnskólum](#) er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla, Kennaraháskóla Íslands og Námsgagnastofnunar. Verkefnið sem byggir á kenningum og aðferðafræði prófessorsins Dan Olweusar hófst árið 2002 með undirritun samnings við Þorlák Helgason framkvæmdastjóra verkefnisins. Samningurinn var endurnýjaður árið 2006 og rennur sá samningur út við árslok 2008. Á tímabilinu 2002 til 2008 hafa 85 grunnskólar komið að verkefninu með um

helling grunnskólanemenda á landinu.

Kannanir hafa árlega verið lagðar fyrir nemendur í 4. til 10. bekk á tímabilinu 2002 til 2007.

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að láta fara fram mat á því hvort Olweusaráætlunin gegn einelti hefur náð því takmarki sínu að draga úr einelti í þátttökuskólunum, náð að festast í sessi í skólunum og gera tillögur um áframhaldandi vinnu gegn einelti í grunnskólum. Námsmatsstofnun hefur verið falið að gera úttektina.

## Hús Menntaskóla Borgarfjarðar vígt



Fimmtudaginn 16. október 2008 var nýtt mennta- og menningarhús í Borgarbyggðar tekið formlega í notkun við hátíðlega athöfn. Um er að ræða nýbyggingu miðsvæðis í Borgarnesi. Hinn nýstofnaði [Menntaskóli Borgarfjarðar](#) er með starfsemi sína í húsinu auk þess sem þar er aðstaða fyrir margvíslega menningarstarfsemi og félagsstarf. Húsið er opið gestum og gangandi samhliða skólastarfi.

Helga Halldórsdóttir, formaður bygginga- og framkvæmdanefndar, afhenti Ársæli Guðmundssyni, skólameistara, lykil að húsinu. Þá fékk menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, aukalykil sem tákni um þakklæti heimamanna fyrir góðan stuðning við uppbyggingu Menntaskóla Borgarfjarðar. Ráðherra ávarpaði viðstadda og óskaði Borgfirðingum til hamingju með hinn nýja skóla og glæsilegt

mennta- og menningarhús. Fjölmenni var við vígsluna og að henni lokinni báru nemendur fram veitingar fyrir gesti.

## Úttekt á lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum

Í kjölfar niðurstöðu [PISA rannsóknarinnar frá 2006](#) hefur mikið verið rætt um stöðu læsis (lestur, hlustun, ritun og tal) í íslenskum grunnskólum en samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar virðist skorta talsvert upp á að læsiskunnátta 15 ára íslenskra unglinga sé viðunandi.

Með það að markmiði að fá vísbendingar um stöðu lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum hefur menntamálaráðuneyti falið [Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands](#) að gera úttekt á lestrarkennslu í 10-12 grunnskólum á öllu landinu.

Skólar af mismunandi stærð og gerð verða í úrtakinu og gætt verður jafnræðis milli þéttbýlis og dreifbýlis.

